

**Nr. 17-081 S 058 Brynjar KE 127****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7730  
Útgerð: Brynjar KE 127 ehf.  
Smíðaður: Sólplast, Trefjaplast, 2015.  
Stærð: 8,13 bt.  
Mesta lengd: 9,99 m Skráð lengd: 9,97 m  
Breidd: 2,64 m Dýpt: 1,72 m  
Vél: Cummins, 293,0 kw, 2015  
Fjöldi skipverja: 1



Brynjar©Vigfús Markússon

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 12. júní 2017 var Brynjar KE 127 á handfæraveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: ANA 5 m/s.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga á rás 16 um að báturinn væri vélarvana undan Fjallaskaga og óskaði var eftir aðstoð. Auðunn ÍS 42 dró bátinn til hafnar á Suðureyri.

**Við rannsókn kom fram:**

- að olíudæla við aðalvélinu bilaði og var það í fjórða sinn á rúmu ári sem hún gerði það;
- að þessar vélar eru með háþrýsta olíudælu sem dælir inn á rafstýrða eldsneytisloka (*common rail kerfi*); en þær eru viðkvæmar fyrir óhreinindum í olíu og sérstaklega glertrefjum (glass fíber nálum) þar sem erfitt er að sía þær úr olíunni;
- að olíutankurinn var úr trefjaplasti eins og hefðbundið er í bátum af þessari tegund en hann hafði ekki verið hreinsaður síðastliðin tvö ár;
- að ráðleggingar vélaframleiðanda eru þær að hafa hreinan eldsneytistank, góða forsíu með vatnsskiljun, grófsíu við vélinu og nota gasolíu en ekki flotaolíu eða MDO nema að höfðu samráði við tæknimenn olíufélaganna eða vélaframleiðanda;

- að fram kom hjá skipstjóra að skipverjar, sem höfðu umsjón með lögskráningu á bátinn hafi átt í erfiðleikum með að lögskrá en í ljós kom, hjá Samgöngustofu, að bilun var í lögskráningakerfinu.

*Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.